

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 2. október 2025 eftirfarandi:

Vetrarmýri og Smalaholt, deiliskipulag.

Tillagan fjallar um golfvöll í Vetrarmýri, íþróttæfingasvæði við Miðgarð, umferðarmál á svæðinu, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilsstaðavatn.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 15. janúar 2026 eftirfarandi:

Gilsbúð 9, deiliskipulagsbreyting.

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Búða gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit við Gilsbúð 9 og að kvöð um holræsi verði felld niður.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 16. febrúar 2026.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 17. febrúar 2026